

Skipulagsskrá fyrir Kynningar-, fræðslu- og útgáfusjóð kirkjunnar

1. gr.

Sjóðurinn nefnist Kynningar-, fræðslu- og útgáfusjóður kirkjunnar.

2. gr.

Heimili sjóðsins er í Reykjavík.

3. gr.

Sjóðurinn er myndaður að tilhlutan biskups Íslands með sameiningu eftirtalinna sjóða:

Heiti sjóðs	Stofnframlag kr.	Hlutf.	Heimild
Kynningarsjóður	3.392.834	20%	Fjárlög
Símon Pálsson - erfðagjöf	2.623.790	16%	Erfðagjöf 1977
Styrktarsjóður Jónínu Ólafsdóttur og Margrétar Sigurðardóttur	10.575.561	63%	Arfleiðsluskrá, dags. 11.05. 1946
Verðlaunasjóður Guttorms Þorsteinssonar	144.190	1%	Gjafabréf dags. 23. 12. 1836 og staðfest af konungi 29. 12. 1837

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styðja við og efla kynningar - og fræðslustarf kirkjunnar svo og útgáfustarfsemi á því sviði. Við úthlutun skal, svo sem unnt er og aðstæður leyfa, hafa hliðsjón af óskum stofnenda sjóða þeirra er greinir í 3. gr., svo og stofnhlutdeild hvers sjóðs fyrir sig.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipar kirkjuráð.

6. gr.

Sjóðsstjórn auglýsir eigi sjaldnar en árlega eftir umsóknum um styrki og úthlutar að fengnum umsóknum hverju sinni. Heimilt er að úthluta oftari ef þurfa þykir. Stjórnin ákveður að öðru leyti nánari tilhögun úthlutunar.

7. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 16.736.375,-. Sjóðurinn er í vörslum biskupsstofu sem sér um fjárreiður hans og bókhald. Reikningsár er almanaksárið. Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af Ríkisendurskoðun eða löggiltum endurskoðanda.

8. gr.

Ávaxta skal fé sjóðsins sem tryggilegast og arðvænlegast. Óheimilt er að skerða höfuðstól sjóðsins að raungildi.

9. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. arður, þar með taldir vextir af eignum sjóðsins
2. gjafir, áheiti og önnur framlög sjóðnum til styrktar
3. aðrar tekjur en að ofan greinir

10. gr.

Arður sjóðsins af stofnfé og öðrum eignum skal renna til styrktar málefnum. Verði afgangur af tekjum sjóðsins ákveður sjóðsstjórn hverju sinni hvort honum skuli ráðstafað síðar eða leggjast við höfuðstól sjóðsins.

11. gr.

Samþykki allra stjórnarmanna þarf fyrir breytingum á skipulagsskrá þessari. Henni skal einungis breytt ef nauðsyn krefur til að ná markmiðum sjóðsins eða svipuðum markmiðum og skal þess gætt að fara eftir óskum stofnenda svo sem unnt er. Um breytingar á skipulagsskrá þessari, sameiningu eða niðurfellingu sjóðsins fer að öðru leyti að lögum.

12. gr.

Meðfylgjandi skipulagsskrá þessari er fylgiskjal sem er yfirlit um tilgang þeirra sjóða sem mynda þennan sjóð.

13. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 16. desember 1999

Biskup Íslands

Fylgiskjal 1

Heiti sjóðs	Hlutverk	Sjóðsstjórn	Heimild
Kynningarsjóður	Að efla fræðslu- og kynningarstarf (upphaflega fjárveiting frá Alþingi til kirkjunnar til sérstakra verkefna)	Biskup	Fjárlög
Símon Pálsson			Erfðagjöf 1977
Styrktarsjóður Jónínu Ólafsdóttur og Margrétar Sigurðardóttur	Stuðla að eflingu kristilegs hugarfars í landinu.	Biskupinn yfir Íslandi, formaður, einn tilnefndur af guðfræðideild Háskóla Íslands og ein kona skipuð af kirkjuráði.	Arfleiðsluskrá, dags. 11. maí 1946
Verðlaunasjóður Guttorms Þorsteinssonar	„anvendes til Præmie, so udsættes til dem, der paa Islandsk forfatte gode og Almuen nyttige Skrifter, I Physik, Naturhistorie, Landhusholdning og i den kristelige Moral“	Biskup Íslands, Dómkirkjuprestur, presturinn við Garðakirkju á Álftanesi.	Gjafabréf dags. 23. desember 1836 og staðfest af konungi 29. desember 1837.